



## **Reglur um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna utan leikskóla árið 2017**

### **1. grein – Réttur til niðurgreiðslu.**

Foreldrar allra barna sem dvelja hjá dagforeldrum og eiga lögheimili í Bolungarvík eiga rétt á niðurgreiðslu dvalargjalds frá hámarksrétti fæðingarorlofs þar til leikskólaláss býðst. Hámarksréttur fæðingarorlofs er 9 mánuðir fyrir hjón og sambúðarfólk og 6 mánuðir fyrir einstætt foreldri.

### **2. grein – Upphæð niðurgreiðslu og grunnjald.**

Daggæslugjöld eru greidd niður í allt að 11 mánuði hvert ár. Gjaldið sem kemur til greiðslu eftir að niðurgreiðslur til dagmæðra hafa verið dregnar frá er skilgreint sem grunnjald. Um tvo niðurgreiðsluflokka er að ræða:

#### **Flokkur A – Hjón**

kr. 6.695,- yfir mánuðinn - á hverja gæslustund pr. dag, eða að hámarki 53.560,- kr. á mánuði m.v. 8 stunda vistun hvern virkan dag mánaðarins.

#### **Flokkur B einstæðir foreldrar**

kr. 8.035 yfir mánuðinn á hverja gæslustund pr. dag eða að hámarki kr. 64.280,- kr. á mánuði m.v. 8 stunda vistun hvern virkan dag mánaðarins.

#### **Daggæslugjöld er greidd niður fyrir allt að 8 klst. vistun per virkan dag.**

Niðurgreiðslan er hlutfallsleg fyrir færri en 8 klst. vistun pr. dag. Eingöngu er hægt að fá niðurgreiðslu vegna vistunar á dagvinnutíma virka daga vikunnar.

### **3. grein – Skilyrði fyrir niðurgreiðslum eru:**

1. Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu í því húsnæði sem um ræðir.
2. Að foreldrar hafi ekki hafnað leikskólalássi vegna viðkomandi barns

### **4. grein – Systkinaafsláttur.**

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunnjald, 35% afsláttur af grunnjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunnjald greiðist fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og /eða skóladagvistunar.

### **5. grein – Útborgun afsláttar.**

Framvísa þarf kvittun frá viðkomandi dagforeldri, staðfest af foreldri á skrifstofu bæjarsjóðs Bolungarvíkur, innan mánaðar frá því að greiðsla fer fram, til að fá endurgreitt. Einnig geta dagmæður samið um að taka einungis við nettógreiðslu frá foreldrum og sjá þá sjálfar um að innheimta niðurgreiðslurnar frá sveitarfélaginu.